

Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 7. febrúar 2024

Fyrirlesari: Halla Hrund Logasóttir, Orkumálastjóri

Efni: „Orkuskortur? Hvernig lentum við þar?“

Mættir: 54 skráðir, félagsmenn og nokkrir gestir. Bókin gekk ekki fyrr en undir lok fundar og kannski hafa ekki allir viðstaddir náð að skrá sig.

Formaður setti fund stundvíslega kl. 16 og minntist í upphafi þriggja látinna lækna, þeirra Emils Als, Hauks Árnasonar og Sæmundar Haraldssonar. Síðan gaf hann fyrirlesaranum orðið.

Halla fór fyrst yfir stöðu á raforkumarkaði og útskýrði af hverju það er mikil sókn í orku hér á landi ekki síst eftir stríðið í Úkraínu. Hún ræddi síðan um orkuöryggi heimila í landinu og hvers vegna þörf er á að breyta regluverki í þágu þeirra. Hún lagði áherslu á mikilvægi orkuinnviða og að framleiðsla á orku skili ábata fyrir samfélagið. Í þessu samhengi fór hún sérstaklega yfir vindorkumálin. Síðan ræddi hún stöðuna og horfur í orkuskiptum og hvaða markmið stjórnvöld hafa sett sér í þeim málaflokki. Loks talaði Halla um hitaveitur og jarðhitaleit, bæði á Reykjanesi og á landinu öllu. Eftir skilmerkilegan fyrirlestur Höllu spunnust líflugar umræður.

Fundi slitið kl. 17:05.

Ritari varð af óhjákvæmilegum orsökum allt of sein á fundinn og byggist ofanskráð fundargerð á efnispunktum sem Halla sendi eftir fund.

Helga M. Ögmundsdóttir